

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2021



KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2021

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2021. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Við verðum með svipað úrval kvikmynda haustið 2021 þar sem við gátum ekkert sýnt veturinn 20-21 vegna Covid-19. Við sýnum Kirikou og galdranornina og Ernest og Celestínu fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Aðrar spennandi myndir sem geta hentað yngri nemendum er franska teiknimyndin Hilda frænka, sem fjallar meðal annars um virðingu fyrir umhverfinu. Við verðum einnig með bíóklassík og sýnum eina skemmtilegustu mynd Chaplin, Sirkusinn, þar sem hann er í búi með alvöru ljóni, enda er hann stundum kallaður fyrsti áhættuleikari kvikmyndasna.

Moonrise Kingdom hefur alltaf notið mikilla vinsælda og við skoðum hana ofan í kjölinn. Myndin fjallar um einmanaleika og utangarðsbörn og er líka falleg ástarsaga, en umgjörðin gerir hana einstaka. O Brother Where Art Thou eftir Coenbræður er líka áhugaverð og er lauslega byggð á Ódysseifskviðu. Önnur áhugaverð mynd er Hitchcock, en þar er áhorfandinn fluga á vegg þegar hann ákveður að gera myndina Psycho (1960) nánast upp á eigin spýtur þar sem enginn framleiðandi trúði því að myndin yrði vinsæl! Hann veðsetti húsið sitt og gerði myndina með tökuliði sjónvarpsins þar sem hann var með þættina Alfred Hitchcock presents.

Verðlaunamyndin Capernaum er sérlega áhugaverð fyrir alla þá sem vilja kynna sér framandi menningu og samfélagslegan ójöfnuð. Hún segir frá hugrökkum dreng sem kærir foreldra sína fyrir vanrækslu. Myndin hefur vakið mikla athygli um allan heim fyrir að sýna heim fátæktar í Líbanon.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2021

ERNEST OG CELESTÍNA 1.-4. bekkur

KIRIKOU OG GALDRANORNIN 1.-4.bekkur

VAJDJA 6.-9. bekkur

MOONRISE KINGDOM 7.-10.bekkur

HILDA FRÆNKA 2.-5. bekkur

CAPERNAUM 9.-10.bekkur

SIRKUSINN 5.-10.bekkur

HINN SEKI 10. bekkur

HITCHCOCK 8.-10.bekkur

O BROTHER WHERE ART THOU 8.-10.bekkur



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



ERNEST OG CELESTÍNA



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, 2012*

LENGD: *80 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *FRAKKLAN, BELGÍA*

LEIKSTJÓRI: *Stéphane Aubier, Daniel Pennac*

ADALHLUTVERK: *Lambert Wilson, Pauline Brunner, Anne-Marie Loop, Patrice Melennec*

TUNGUMÁL: *Íslenskt tal*

Ernest og Celestína er frönsk/belgísk teiknimynd byggð á samnefndum teiknibókum eftir Gabrielle Vincent. Hún segir frá músinni Celestínu sem elst upp á fósturheimili fyrir mús og dreymir um að verða frægur listmálari, en á að verða tannlæknir þegar hún stækkar.

Þótt birnir séu óvinir músanna í myndinni, kynnist Celestína birninum Ernest sem langar til að verða tónlistarmaður, en átti að gerast dómari eins og aðrir í fjölskyldunni. Ernest og Celestína verða vinir og lenda í ýmsum spennandi ævintýrum.

KIRIKOU OG GALDRANORNIN



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 1998

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland

LENGD: 74 mínútur

LEIKSTJÓRI: Michel Ocelot

LEIKARAR: Theo Sebeko, Antoine Kellermann, Fezile

TUNGUMÁL: Íslenskt tal

Kirikou og galdranornin er byggð á afrískri smásögu eftir sama höfund og gerði ævintýrið um Azur og Asmar. Í myndinni segir frá ævintýrum Kirikou, þínulitlum afrískum dreng sem á heima í litlu þorpi í Afríku. Hann er enginn venjulegur drengur því hann getur strax talað og gengið og veit nákvæmlega hvað hann vill.

Myndin segir frá baráttu hans við galdranorninu Karöbu sem stjórnar íbúum þorpsins með göldrum.

WADJDA 6.-9. bekkur



TEGUND OG ÁR : *Leikin kvikmynd, 2012*

LENGD: 98 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Sadí-Arabía*

LEIKSTJÓRI: *Haifa Al Mansou*

AÐALHLUTVERK: *Waad Mohammed, Reem Abdullah, Abdulrahman al-Guhani*

TUNGUMÁL: *ARABÍSKA OG FRANSKA MEÐ ÍSLENSKUM TEXTA*

Wadjda er tíu ára gömul stúlka sem dreymir um að eignast reiðhjól, en slíkt er ekki í boði fyrir stúlkur í Sádi-Arabíu. Hún er hins vegar ekki tilbúin að sætta sig við það. Á sama tíma bíður móðir hennar á milli vonar og ótta eftir ákvörðun eiginmanns síns, en hann hugleiðir að fá sér nýja konu.

Myndin er fyrsta kvikmyndin sem er tekin upp að öllu leyti í Sádi-Arabíu og er leikstýrð af konu frá sama landi. Hún varpar ljósi á hlutskipti kvenna í Mið-Austurlöndum og var heimsfrumsýnd í Bíó Paradís árið 2012 í samvinnu við UN Women. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun um allan heim, þar á meðal BAFTA-verðlaunin 2014.

MOONRISE KINGDOM



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, drama, grínmynd, 2012

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 94 mínútur

LEIKSTJÓRI: Wes Anderson

LEIKARAR: Jared Gilman, Kara Hayward, Bruce Willis

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Myndin gerist á lítilli eyju árið 1965 þar sem örfáar hræður búa og fjallar um tólf ára gamlan strák og stelpu sem verða ástfangin. Þau gera með sér leynilegt samkomulag um að flýja saman út í óbyggðirnar. Á meðan hin ýmsu yfirvöld og stofnanir leita þeirra sækir skuggalegur stormur í sig veðrið og brátt er hið sallarólega samfélag eyjunnar komið á annan endann.

Myndir Wes Anderson eru mjög sérstakar, einkennast af löngum skotum, sterkum litum, íburðarmiklum búningum og sviðsmyndum, auk þess sem hann blandar saman leiknum atriðum og tölvuhönnun.

HILDA FRÆNKA



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, gamanmynd, fjölskyldumynd, 2013

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland

LENGD: 89 mínútur

LEIKSTJÓRI: Benoît Chieux, Jacques-Rémy Girerd

LEIKARAR: Sabine Azéma, Josiane Balasko, François Morel

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Hilda frænka lifir fyrir plönturnar sínar. Á meðan hún ræktar heilan helling af gróðri inni í ævintýralegri glerhöll, vinnur alþjóðlegt stórfyrirtæki að því að rækta töfraplöntu sem kallast Attilem.

Stormasöm og stórkemmtileg blanda af spennu, fjölskyldudrama og ástarsögu með hugleiðingum um umhverfið og virðingu fyrir náttúrunni.

CAPERNAUM



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, drama, 2018*

LEIKSTJÓRI: *Nadine Labaki*

LENGD: *126 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Líbanon*

AÐALHLUTVERK: *Zain Al Rafeea, Yordanos Shiferaw, Boulewatife Treasure Bankole*

TUNGUMÁL: *Arabíska, amharíska með íslenskum texta*

Tólf ára líbanskur drengur, Zain, kærir foreldra sína fyrir vanrækslu á meðan hann tekur út 5 ára fangelsisdóm fyrir ofbeldisfullan glæp. Zain er duglegur að komast af í fátækrahverfum Beirut, en þar hittir hann konu frá Eþíópíu, Rahil, sem veitir honum skýli og mat. Zain passar son hennar, Yonas, í staðinn. En Rahil er ólögleg í landinu og á allt undir glæpamönnum sem selja fölsuð vegabréf.

Capernaum hefur hlotið einróma gagnrýni og ferðast um heiminn á allar stærstukvikmyndahátíðir veraldar. Margir leikarar myndarinnar eru sjálfir flóttamenn eðainnflytjendur, þar með talinn hinn fjórtján ára gamli Zain Al Rafeea sem fer með aðalhlutverkið og hefur verið á flóttu frá heimalandi sínu, Sýrlandi, síðan árið 2012.

Stórmerkilegt verk frá Líbanon sem hefur verið tilnefnd til Óskars-, BAFTA and Golden Globe verðlauna árið 2019.

SIRKUSINN



TEGUND OG ÁR: Þögul gamanmynd, 1928

LEIKSTJÓRI: Charles Chaplin

LENGD: 70 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

AÐALHLUTVERK: Charles Chaplin, Al Ernest Garcia, Merna Kenndy

TUNGUMÁL: Þögul með textaskiltum

Sirkusinn er ein af sjaldséðari perlum Chaplin, en er jafnframt ein sú vinsælasta. Litli flækingurinn kemur að fjölleikahúsi í leit að mat, en hann er svangur og aurlaus.

Hann fær vinnu sem trúður en í ljós kemur að hann vekur miklu meiri lukku á sviðinu þegar hann er ekki að reyna að vera fyndinn. Hann lendir í ýmsum ævintýrum í fjölleikahúsinu, lokast inni í ljónabúri og kynnist fallegri stúlku.

Chaplin átti í miklum erfiðleikum meðan á tökum myndarinnar stóð. Móðir hans lést og hluti af filmunum eyðilögðust í eldsvoða. Myndin er samt sem áður með best heppnuðustu og vinsælustu myndum Chaplin.

HINN SEKI/ DEN SKYLDIGE



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2018

LENGD: 84 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Gustav Möller

AÐALHLUTVERK: Jakob Cedergren, Jessica Dinnage, Johan Olsen

TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta

Danskur spennutryllir einsog þeir gerast bestir! Lögreglumaðurinn Asger Holm er kominn í skrifstofustarf við að svara símtölum í neyðarlínuna og er ekki sá þolinmóðasti í bransanum.

Dag einn fær hann símtal frá konu sem hefur verið rænt og það reynir á taugar hins fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns þegar slóðin virðist teygja sig dýpra í glæp sem hann óraði ekki fyrir.

Hinn seki hlaut áhorfendaverðlaunin á bæði Sundance og Rotterdam, og hefur veriðsýnd á sumum stærstu kvikmyndahátíðum heims við einróma lof gagnrýnenda. Hún var framlag Dana til Óskarsverðlaunanna 2018.

HITCHCOCK



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 2012

LENGD: 98 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Sacha Gervasi

AÐALHLUTVERK: Anthony Hopkins, Helen Mirren, Scarlett Johansson

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum/enskum texta

Myndin gerist árið 1959 og Alfred Hitchcock hefur þegar fest sig í sessi sem einn af fremstu leikstjórum í heimi. Flestir telja að hann eigi að draga sig í hlé. Hitchcock ákveður því að gera kvikmynd ólíka öllum þeim sem hafa verið gerðar og teflir fram myndinni Psycho. Stóru myndverin hafa ekki trú á myndinni svo Hitchcock neyðist til að fjármagna hana sjálfur og vinna hana eins og sjónvarpsmynd í svarthvítu.

Hér gefst nemendum tækifæri til að kynnast kvikmyndagerð Alfred Hitchcock og hvernig hann vann sína frægustu mynd, Psycho (1960) - án þess að sjá óhugnanleg atriði. Myndin varpar jafnframt ljósi á helsta samstarfsmann Hitchcock, sem var eiginkona hans, Alma Reville, en hún hlaut ekki tilskilda viðurkenningu í lifanda lífi fyrir framlag sitt.

O BROTHER, WHERE ART THOU?



TEGUND OG ÁR: Leikin gamanmynd, 2000

LENGD: 107 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Cohen

AÐALHLUTVERK: George Clooney, John Turturro, John Goodman

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum/enskum texta

Myndin er lauslega byggð á Ódysseifskviðu eftir Hómer, og fjallar um flækingana Everett Ulysses McGill og félagana hans Delmar og Pete á fjórða áratug síðustu aldar í Mississippí í Bandaríkjunum. Þeir stinga af úr verkaflokki sem vinnur við lagningu járnbrautar, og reyna að komast heim til Everetts til að endurheimta grafinn ránsfeng úr bankaráni. Á ferð sinni rekast þeir á ýmsar skrýtnar persónur, þám. æstan Ku Kux Klan hóp, sem og blindan spámann, sem varar þrýeykið við með þeim orðum að "fjársjóðurinn sem þið leitið að er ekki fjársjóðurinn sem þið finnið."

O Brother, Where Art Thou? er ein af þekktustu myndum Cohen-bræðra og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir óvenjulega frásögn og skemmtilegan leik.

Verkefnastjórn: Oddný Sen, kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com



SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 23. SEPTEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG GALDRANORNIN

FIMMTUDAGUR 23. SEPTEMBER KL. 13:00 – HITCHCOCK

ÞRIÐJUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA

ÞRIÐJUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 13:00 – CAPERNAUM

HLÉ VEGNA RIFF 30. SEPTEMBER TIL 10. OKTÓBER

ÞRIÐJUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 10:00 – MOONRISE KINGDOM

ÞRIÐJUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 13:00 – HINN SEKI

FIMMTUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 10:00 – HILDA FRÆNKA

FIMMTUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 13:00 – O BROTHER WHERE ART THOU

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS



FIMMTUDAGUR 11. NÓVEMBER KL. 10:00 – HITCHCOCK/CAPERNAUM

FIMMTUDAGUR 11. NÓVEMBER KL 13:00 MOONRISE KINGDOM

FIMMTUDAGUR 18. NÓVEMBER KL. 10:00 – WAJDJA

FIMMTUDAGUR 18. NÓVEMBER KL. 13:00 – CAPERNAUM/HINN SEKI

ÞRIÐJUDAGUR 23. NÓVEMBER KL. 10:00 – SIRKUSINN

ÞRIÐJUDAGUR 23. NÓVEMBER KL. 13:00 – HITCHCOCK

ÞRIÐJUDAGUR 30. NÓVEMBER KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA

ÞRIÐJUDAGUR 30. NÓVEMBER KL. 13:00 – HILDA FRÆNKA

FIMMTUDAGUR 9. DESEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG GALDRANORNIN

FIMMTUDAGUR 9. DESEMBER KL. 13:00 - WAJDA

ÞRIÐJUDAGUR 14. DESEMBER KL 10:00 – HINN SEKI

ÞRIÐJUDAGUR 14. DESEMBER KL. 13:00 – O BROTHER WHERE ART THOU



Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistöð og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í söllum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLÁN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA HAUSTIÐ 2021

SEPTEMBER

pri.										
fim	9/23/2021	10:00 Kirikou og galdranornin	1.-4. bekkur							
fim	9/23/2021	13:00 Hitchcock	8.-10. bekkur							
pri	9/28/2021	10:00 Ernest og Celestína	1.-4. bekkur							
pri	9/28/2021	13:00 Capernaum	9.-10. bekkur							

HLÉ VEGNA RIFF

OKTÓBER

pri	10/12/2021	10:00 Moonrise Kingdom	7.-10. bekkur							
pri	10/12/2021	13:00 Hinn seki	10. bekkur							
fim	10/21/2021	10:00 Hilda frænka	2.-5. bekkur							
fim	10/21/2021	13:00 O brother where art thou	8.-10. bekkur							



VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTIÐIN Í BIÓ PARADÍS

NÓVEMBER

fim	11/11/2021	10:00 Hitchcock/Capernaum	8.-10. bekkur/9.-10. bekkur							
fim	11/11/2021	13:00 Moonrise Kingdom	7.-10. bekkur							
fim	11/18/2021	10:00 Wajdja	6.-9. bekkur							
fim	11/18/2021	13:00 Capernaum/Hinn seki	9.-10. bekkur/10. bekkur							
pri	11/23/2021	10:00 Sirkusinn	5.-10. bekkur							
pri	11/23/2021	13:00 Hitchcock	8.-10. bekkur							
pri	11/30/2021	10:00 Ernest og Celestína	1.-4. bekkur							
pri.	11/30/2021	13:00 Hilda frænka	2.-5. bekkur							

DESEMBER

fim	12/9/2021	10:00 Kirikou og galdranornin	1.-4. bekkur							
fim	12/9/2021	13:00 Wajdja	6.-9. bekkur							
pri	12/14/2021	10:00 Hinn seki	10. bekkur							
pri	12/14/2021	13:00 O brother where art thou	8.-10. bekkur							

 Hentar viðkomandi aldursþópi
 Tvær myndir sýndar á sama tíma

KVIKMYNDIR



ERNEST OG CELESTÍNA – Teiknimynd, vatnslitir, vinátta tveggja ólíkra einstaklinga, markmiðasetning, ævintýri, lífsleikni, hugrekki, myndlist. 1.-4. bekkur.



KIRIKOU OG GALDRANORNIN – Ævintýri, teiknimynd, afrískar munnmælasögur, töfraverur, lífsleikni, hugrekki 1.-4. bekkur.



SIRKUSINN – Bíóklassík, myndir Chaplin, lífið í sirkus, áhættuleikur, grín, markmiðasetning, hugrekki. 5.-10. bekkur

WAJDJA – Líf stúlkna í Sádi-Arabíu, kvenréttindi, markmiðasetning, uppreisn gegn ríkjandi gildum, tengsl móður og dóttur, hugrekki. 6.-10. bekkur.



HILDA FRÆNKA – Umhverfisvernd, fjölskyldumynstur, eldri foreldrar, ástarsaga, barátta við peningaöfl og græðgi, hugrekki. 2.-5 bekkur

CAPERNAUM – Fátækt barna á framandi slóðum í Líbanon, lífsleikni, markmiðasetning, hugrekki í erfðum aðstæðum, flóttamannavandinn. 9.-10. bekkur.



HITCHCOCK – Saga stórmerkilegs kvikmyndaleikstjóra og hvernig Psycho var gerð – án þess að nokkur atriði skapi óhugnað, hvernig var staðið að kvikmyndagerð á sjöunda áratugnum, þáttur eiginkonu hans, Ölmú Renville. 8.-10. bekkur.

MOONRISE KINGDOM – Ástir ungmenna sem eru utangarðs, fósturforeldrar, fósturbörn, skátar, grín, kvikmyndir Wes Anderson. 7-10. bekkur.



HINN SEKI – Spennumynd, starf lögreglunnar á neyðarlínunni, hjálpssemi, sjálfskoðun, geðveiki, hvernig hægt er að skapa spennu þegar atburðir gerast aðeins í einu herbergi. 10. bekkur,

O BROTHER WHERE ART THOU – Kvikmyndir Coenbræðra, Ódysseifskviða, óvenjuleg litanotkun í kvikmyndum, frelsi, lífsleikni, markmiðasetning, tónlist, 8.-10. bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís

